

78

25. júní

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkv. 10. gr., skal hann sækja um það skriflega til Bifreiðastjórafélagsins Ekils. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um, að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni. Bifreiðastjórafélaginu Ekli er þá heimilt að veita undanþágu, og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðarstjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjórafélagið Ekill skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framansögðu.

12. gr.

Á hverri bifreiðastöð skal vera skrá yfir þær bifreiðar, sem þar hafa afgreiðslu. Skal skrá þessi fest upp, þar sem bifreiðastjórar eiga greiðan aðgang að og tilgreint í henni skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra og eiganda.

13. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgöngumálaráðuneytisins.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, frá 100—10 000 kr., nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum ákvæðum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, nr. 40 29. maí 1957, sbr. l. nr. 29 14. maí 1958, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

79

28. júní

AUGLÝSING

um breyting á lyfjaverði, eins og það er ákveðið í Lyfsöluskrá II frá 1. júlí 1957.

Frá og með 1. júlí 1958 hækkar verð sérlyfja, eins og það er ákveðið í Lyfsöluskrá II frá 1. júlí 1957, sbr. auglýsingu nr. 107 29. júní 1957, um 15%.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 28. júní 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Baldur Möller.